

íðæmda ber að greiða innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 12. apríl 1943.

Kærumálið nr. 2/1943. Jón Gíslason og Eric Christiansen
gegn

Magnúsi Andréssyni.

Setudómari hrl. Sveinbjörn Jónsson
í stað hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Um veitingu frests.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaði úrskurður er kveðinn upp af Kristjáni Kristjánssyni, settum lögmanni.

Í kærumáli þessu, sem hæstarétti hefur verið sent með bréfi lögmannsins í Reykjavík 27. f. m. og hingað komnu 31. f. m., hafa sóknaraðiljar kært úrskurð, kveðinn upp í bæjarþingi Reykjavíkur 10. marz þ. á., um frest til handa varnaraðilja, og krefjast þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir dómarann að kveða upp efnisdóm í málinu. Umboðsmaður varnaraðilja, sem sent hefur einnig hæstarétti greinargerð um málið, krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og sóknaraðiljum gert að greiða varnaraðilja málskostnað.

Mál þetta er höfðað til greiðslu leigjugjalds, að fjárhæð kr. 150750.00 fyrir skipið „Hák“, er samkvæmt samningi við varnaraðilja hafði verið fengið til að starfa að bjargtilraunum við togara, sem strandað hafði í Ólafsfirði. Var málið þingfest 10. desember f. á. Fékk umboðsmaður sóknaraðilja þá frest til 17. desember, en þann dag lagði hann fram greinargerð af sinni hálfu. Umboðsmaður varnaraðilja, hæstaréttarlögmaður Guðmundur Í. Guðmundsson, fékk þá frest í málinu til 21. janúar þ. á., og síðan fékk hann fresti til 11. febrúar, en þá synjaði umboðsmaður sóknaraðilja honum samþykki til frekari frests, en tók sjálfur

vikufrest til að bóka kröfur í málinu, þar sem skjölin voru í vörzlum umboðsmanns varnaraðilja. Þegar málið var tekið til meðferðar í dómi 18. febrúar, lagði umboðsmaður varnaraðilja loks fram stutta greinargerð af sinni hálfu ásamt rækilegri skýrslu frá Einar M. Einarssyni fyrrverandi skipherra, er hlut átti að bjargtilraunum þeim, er í málinu getur. En hvorki var áður né þá ákveðið, hvort málið skyldi flutt munnlega eða skriflega, né aðiljum veittur sameiginlegur frestur til gagnasöfnunar, sbr. 109., 110. og 111. gr. laga nr. 85/1936. Í greindu dómþingi bað umboðsmaður varnaraðilja enn um 14 daga frest til að leiða vitni, en umboðsmaður sóknaraðilja andmælti honum, og tók dómari ágreining þenna til úrskurðar, er hann kvað upp 25. febrúar. Veitti hann frest til 4. marz þ. á., og skyldi vitnaleiðsla þá fara fram. En 4. marz tilkynnti Guðmundur Í. Guðmundsson hæstaréttarlögmaður dómaranum, að sér væri ekki unnt að koma á dómþing þann dag, þar sem hann væri bundinn við umræður á Alþingi um frumvarp til laga um húsaleigu, en hann var framsögumaður í efri deild í því máli. Bað hann samkvæmt þessu um frest til vitnaleiðslunnar. Umboðsmaður sóknaraðilja andmælti frestbeiðninni, og tók dómari málið til úrskurðar, er hann kvað upp 10. marz, og veitti þá frest til 11. marz s. l. til vitnaleiðslunnar.

Umboðsmaður varnaraðilja virðist hafa notað lítið áður fengna fresti, en dómari veitti honum þó, svo sem áður segir, frest til 4. marz til vitnaleiðslu með úrskurði, sem ekki hefur verið kærður til hæstaréttar. Þá þykir ekki verða véfengd, eins og á stendur, sú skýrsla greinds málflutningsmanns, að hann hafi verið viðbundinn á Alþingi 4. marz á þeim tíma, er vitnaleiðslan skyldi fara fram. Loks var frestur sá, sem dómari veitti með úrskurði 10. marz, einungis einn sólarhringur og gat því ekki valdið mikilli aukinni töf. Samkvæmt ástæðum þeim, sem nú var lýst, þykir mega staðfesta hinn kærða úrskurð.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 10. marz 1943.

Með úrskurði bæjarþings, uppkveðnum 25. f. m., var stefndun veittur frestur í máli þessu til 4. þ. m., en er málið skyldi þá koma fyrir rétt og vitnaleiðsla fara fram í því, var þess farið á leit af hálfu umboðsmanns stefnds, að því yrði enn frestað, þar eð hann væri bundinn við störf sín sem alþingismaður. Þrátt fyrir mótmæli gagnaðilja verður að telja þessi forföll lögleg og með til-liti til þess, að eigi er vitað, nema umrædd vitnaleiðsla kunni að geta haft áhrif á úrslit málsins, þykir rétt að veita stefndum frest til 11. þ. m., kl. 2 e. h.

Því úrskurðast:

Stefndum í máli þessu skal veittur frestur til 11. marz 1943, kl. 2 e. h.

Miðvikudaginn 14. apríl 1943.

Nr. 78/1941. **Þorsteinn Þorsteinsson** (Eggert Claessen)
gegn

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Gunnar J. Möller).

Skattamál.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóm hefur upp kveðið Björn Þórðarson lögmaður. Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 23. sept. 1941, krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði úr gildi felldur og að hann verði aðeins dæmdur til að greiða tekjuskatt, eignarskatt og lifeyrissjóðsgjald árin 1937 og 1938, samtals kr. 1282.26. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir undirrétti og hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til þess að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.